

Efni:

- ▶ Matsnefnd
- ▶ Vegstyrkur
- ▶ kerhraun.is

KERHRAUNSFRETTIR

Niðurstöður matsnefndar

Kæru Kerhraunarar

Mikið og margoft hefur verið fjallað um girðingar- og vegamál í Kerhraunsfréttum og í þessu tölublaði verður þar engin breyting á. Allt frá því að ég settist í stjórn félagsins hafa þessi mál verið enn og aftur til umfjöllunar og oft hefur verið haft orð á því í að vonandi fari nú að finnast lausn á þessum málum á næstu mánuðum. Síðan hafa liðið ár og mánuðir og það er fyrst núna að komin er einhver hreyfing á málin og má þá ekki taka því þannig að ekkert hafi verið unnið í málunum því sú er ekki raunin.

Eins og flestir vita þá hefur mikið þurft að hafa fyrir því að halda búfenaði utan girðingar og þrátt fyrir að mikið hafi verið lagt á sig að stoppa í öll göt þá hafa margir lóðareigendur orðið fyrir verulegu tjóni af völdum búfenaðs. Margir góðir menn og góðar konur hafa lagt á sig mikla vinnu við að gera við girðinguna og þakkar stjórnin þeim fyrir vel unnin störf.

Þar sem ástand girðingarinnar er víða slæmt var ákveðið að laga/setja upp nýja girðingu samkvæmt gildandi deiliskipulagi í Kerhrauni og í framhaldi af því var öllum þeim sem eiga land sem liggur að Kerhrauninu sent bréf dagsett 7. febrúar 2006.

Meðfylgjandi er úrdráttur úr bréfinu:

“Stjórn Félags sumarhúseigenda í Kerhrauni, Grímsnesi hefur ákveðið að fara í nauðsynlegar girðingarframkvæmdir í Kerhrauninu þar sem óviðunandi ástand ríkir í þeim málum. Girðingar eru mjög lélegar og komnar til ára sinna. Einnig hefur komið í ljós að girðingar liggja inn á lóðum margra lóðareiganda, sérstaklega þeim lóðum er liggja að landi Miðengis og Hæðarenda.

Stjórnin telur að ekki verði hjá því komist að fara út í þessar aðgerðir fljótlega þar sem lausaganga búfjár er leyfð í hreppnum.

Stjórnin telur að nauðsynlegt sé að láta kanna samkvæmt þinglýstum gögnum hvar mörkin liggja hjá þeim jörðum sem liggja að Kerhrauni. Samkvæmt 5. gr. girðingarlaga nr. 135 frá 2001 er umráðamönnum lands heimilt að krefjast þess að eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins, sjá nánar meðfylgjandi lagaákvæði.

5. gr. “Nú vill umráðamaður lands girða það og hefur hann þá rétt til að krefjast þess að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins og er það meginreglan. Þó er hægt að semja um aðra skiptingu náí aðilar um það samkomulagi. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá er samgirðingar óskar hafa samráð við þann eða þá sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði og leggja fram tillögur um tegund girðingar. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá eða þeir er samgirðingar eru krafðir þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins getur sá er girða vill beint tilmælum til viðkomandi búnaðarsambands um að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining, sbr. ákvæði 7. gr. Telji úrskurðaraðilar að sá sem girða vill eigi rétt á samgirðingu getur hann sett girðinguna upp og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar er hinum ber að greiða, enda hafi ekki verið reist dýrari girðing en úrskurðaraðilar töldu nauðsynlegt.”

Stjórn félags sumarhúsaeyganda í Kerhrauni óskar eftir því að jarðareigendur hafi samband við félagið eigi síðar en 20. febrúar til að ákveða hvernig skuli staðið að girðingarframkvæmdum.”

Eftir samtöl við jarðeigendur var enginn ágreiningur um 5. gr. laganna nema að hálfu Ástu Margrétar Hávarðardóttur landeigandi Seyðishólanna sem var ósátt við túlkun okkar og þar sem kominn var upp ágreiningur sem ekki tókst að sætta var Már Pétursson hdl. fenginn til að senda henni bréf varðandi hennar hluta í Seyðishólum (sjá bls. 2)

Már Pétursson hrl.
Símar: 563 0318, 898 3630,
fax 562 3058,
Netfang: mp@bondi.is,
Bændahöllinni III h.
107 Reykjavík.

Reykjavík 28. mars 2006

Til mín hefur leitað Guðrún Njálisdóttir formaður Félags sumarhúseigenda í Kerhrauni, Grímsnesi, og falið mér að gera kröfu á hendur eiganda aðliggjandi spildu sem í þinglýsingabókum er nefnd Klausturhólar gjallnámur, fastanúmer 168965.

Samkvæmt meðfylgjandi veðbókarvottorði dags 16. 03. 2006, svo og meðfylgjandi útskriftum úr Landskrá fasteigna hjá Fasteignamatí ríkisins dags. 24. þ.m. eruð þér eigandi umræddrar aðliggjandi spildu.

Krafa umbjóðanda míns, Félags sumarhúseigenda í Kerhrauni, er, að þér greiðið helming kostnaðar við að girða á mörkum umræddra landspildna, svo sem nánar er lýst í meðfylgjandi bréfi umbj. m. til yðar dags. 7. 2. 2006.

Umbj. m. hefur leitað tilboða í umrædda girðingu. Meðfylgjandi er tilboð Mjólkurfélags Reykjavíkur í efni, tilboðsnúmer ST000427, að fjárhæð kr. 318.261.

Hér með er spurst fyrir um það hvort þér viljið af yðar hálfu samþykkja þetta tilboð eða hvort þér getið útvegað ennþá hagstæðara tilboð.

Hér með er þess farið á leit að þér greiðið umrædda fjárhæð á skrifstofu minni í Bændahöllinni eða inn á fjárvörslureikning skrifstofu minnar í Landsbankanum: kt 1112393049, banki 0140 hb. 26, reikn. 370004.

Umbj. m. er að leita tilboða í uppsetningu girðingarinnar og hefur fengið munnlegt tilboð kr, 600.000 og á von á skriflegri staðfesting fljótlega. Þau tilboð sem berast í vinnuliðinn, uppsetninguna, verða borin undir yður með sama hætti og framangreint tilboð í efnispáttinn.

Fylgiskjöl:

- Tilboð Mjólkurfélags Reykjavíkur nr. ST000427
- Veðbókarvottorð
- Útskrift úr Landskrá fasteigna
- Afrit af bréfi umbj. m. dags. 7. febrúar 2006 til yðar
- Uppdráttur er sýnir girðingarstæðið.

Um miðjan maímánuð var staðan óbreytt í girðingarmálunum, þannig að stjórnin ákvað að gert yrði við girðinguna í ár og var það gert með hjálp góðra félagsmanna og kvenna. Tókst það verk vel að undanskildu einu gati sem rolla (Klausturhólarolla) með tvö lömb fór ítrekað í gegnum og át sig sadda og virtist una hag sínum miklu betur í Kerhrauninu en heima hjá sér. Guðmundur bóndi í Klausturhólum mætti í Kerhraunið með alla fjölskylduna og veiðihundinn og þegar sú stutta sá hann og hans fólk á bílnum tók hún á rás og fór í gegnum holuna sem allir höfðu leitað að en ekki fundið og skildi þar eftir sig í öllum látunum ull í heila lopapeysu.

Jæja eftir smá útúrdúr þá komum við aftur að miðjum maímánuði og eins og áður var greint frá hafði ekki tekist að leysa ágreiningin við Ástu Margréti Hávarðardóttur og félagið lagt út í kostað við að GPS mæla skipulag Kerhraunsins og niðurstaða fengin í því máli sem ekki er enn viðkennd af hennar hálfu og því var Már Pétursson fenginn til að senda bréf til Sýslumannsins á Selfossi þar sem hann er beðinn að skipa matsnefnd til að úrskurða um 7. gr. girðingarlaganna. Eftirfarandi gögn sýna svo ferilinn og bið ég ykkur öll að lesa greinargerð matsnefndarinnar á **bls. 4** og úrskurðinn á **bls. 5** vel og vandlega. Lögfræðingi Ástu Margréti Hávaraðardóttur var sent bréf 4. desember sl. þar sem m.a er farið fram á að greitt verði fyrir alla girðinguna og hún einnig lagfærð þar sem hún sker lóðir ásamt öllum útlögðum kostnaði sem félagið hefur þurft að leggja út í og mun ég senda ykkur afrit af því bréfi þegar mér hefur borist afrit af bréfinu frá Má.

**Már Pétursson hrl. 563 0318, 898 3630,
fax 562 3058, netf. mp@bondi.is,
Bænduhöllinni III h. 107 Reykjavík.**

Reykjavík 19. maí 2006.

Til sýslumannsins á Selfossi,
Búnaðarsambands Suðurlands og
Grímsnes- og Grafningshrepps.

Efni: Beiðni Félags sumarhúsaeygenda í Kerhrauni Grímsnesi um tilnefningu í matsnefnd skv. 7. gr. girðingarlaga.

Upp er kominn ágreiningur, sem ekki hefur tekist að sætta, um legu og gerð girðingar umhverfis frístundabyggðina *Kerhraun* í Grímsnesi.

Fyrir hendi eru girðingarslitrur frá fyrri tíð, sem á löngum köflum eru ekki á réttum mörkum hins skipulagða svæðis, ýmist utan þeirra eða innan.

Í deiliskipulag fyrir Kerhraun í Grímsnesi, svæði A, B og C, er svohljóðandi ákvæði um girðingar grein 2.2.5.4:

"Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsupprætti. Nota má hæla á lóðunum, eða gróður til að afmarka lóðir. Verði ágangur búfjár til vandvæða, mun lóðareigandi sjá um að svæðið í heild verði girt af. Áætluð landeiganda á girðingafrankvæmd er, að lokið verði við girðingu svæðisins sumarið 1994, viðhald girðingar verði síðan í höndum íbúatsamtakanna, sem sjá afvarið um girðinguna eftir afhendingu."

Umbjóðandi minn, Félag sumarhúsaeygenda í Kerhrauni telur, að af hinu tilvitnaða ákvæði megi ljóst vera, að landeiganda, seljanda lóðanna á umræddu svæði, beri að girða svæðið í heild á lóðarmörkum, eins og þau eru sýnd á skipulagsupprætti, með fullnægjandi girðingu. Það hefur hann ekki gert. Ítrekaðar kröfur umbj. m. um að úr verði bætt hafa ekki borið árangur. Umbj. m. sér fram á að hann verði að láta framkvæma verkið sjálfur, enda stöðugur ágangur búfjár á svæðinu, og innheimta kostnaðinn við að girða með málsókn.

Krafa þessi um girðingu á merkjum byggist, auk framangreinds samningsákvæðis, á 5. gr. girðingarlaganna nr. 135/2001, sem skv. 2. mgr. 1. gr. gilda um allar girðingar.

Með vísan til 7. gr. girðingarlaga er þess hér með farið á leit við sýslumanninn á Selfossi, Búnaðarsambands Suðurlands og Grímsnes- og Grafningshrepp að hver um sig tilefni mann til þess að segja til um frankvæmd verksins, þ. á m. :


1. Hvort núverandi girðingar sé á landamerkjum réttum.
2. Hvort aðstæður séu slíkar að frávik er greinir í 2. mgr. 9. gr. girðingarlaga eigi við.
3. Teljist svo ekki vera, segja til um hvar girðing skuli liggja, gerð girðingar og aðra frankvæmd verksins, eftir því sem matsmenn telja tilefni til.
4. Segja til um hæfilegan kostnað við frankvæmd verksins.

Umbj. minn mun leggja út fyrir matskostnaði. Gengið er út frá því að sá matsmaðurinn er sýslumaður útnefnið kalli saman nefndina og veiti henni formennsku

Gagnadili, seljandi landsins, sem einnig er eigandi aðliggjandi spildu í Seyðishólum þar sem girðingin er lengst frá réttum mörkum, er Ásta Hávarðardóttir kt. 270836-4459. Lögmaður hennar er Jón G. Briem hrl. Skipholti 51b 105 Reykjavík, s. 561 9505 og 895 0209, jongbriem@trod.is og er þess óskað að honum verði tilkynnt hvenær matið á að fara fram.

Meðfylgjandi ljósrít af forsiðu hins tilvitnaða deiliskipulags og kallanum 2.2.5 svo og deiliskipulagupprátturinn, umkrafin girðingarlína merkt með bláu en núverandi girðingarslitrur með bleiku, sú lína er ónákvæm.

Virðingarfyllt



**Hr. Már Pétursson hrl.
Bændahöllinni III h.
107 Reykjavík**

Grímsnesi 24. okt. 2006

Efni: Girðingarmál Kerhrauni.

Greinargerð.

Samkvæmt beiðni Márs Péturssonar hrl. f.h. félags sumarhúsaeigenda í Kerhrauni Grímsnesi, um tilnefningu í matsnefnd samkv. 7. gr. Girðingarlaganna 135/2001, hafa eftirtaldir aðilar verið skipaðir.

Aðili skipaður af sýslumanninum á Selfossi: Guðmundur Þorvaldsson.
Aðili skipaður af Búnaðarsambandi Suðurlands: Kristján Bj. Jónsson.
Aðili skipaður af Grímsnes- og Grafningshreppi: Halldór Maríasson.

Í júní byrjun kynntu nefndarmenn sér þau gögn er nefndinni höfðu borist samhliða nefndarskipuninni. Í beinu framhaldi af því var ákveðið að boða til vettvangsgöngu með aðilum.

Guðmundi Þorvaldssyni sem veitir nefndinni formennsku, var falið að ræða símleiðis við viðkomandi aðila og finna þannig tímasetningu sem hentaði báðum mál aðilum. Eftir símtöl við Jón G. Briem hrl. lögmann Ástu Hávarðardóttur landeiganda og Má Pétursson hrl. lögmann Félags sumarhúsaeigenda í Kerhrauni, einnig var haft samband við formann sumarhúsafélagsins Guðrúnu M. Njálisdóttur. Var ákveðið að boða til vettvangsgöngu með aðilum 20. júní kl. 13.30.

Nefndarmenn töldu símaboðun vettvangsgöngunnar nægilega, enda tíma- og dagsetning ákveðin í fullu samráði við báða aðila, að beiðni Jóns G. Briem hrl. var honum einnig send boðunin um vettvangsgönguna með tölvupósti.

Tilgangurinn með vettvangsgöngunni var sá að nefndarmenn fengju sem best yfirlit yfir staðsetningu og ástand girðinga sem ágreiningur er um og einnig landslag svæðisins, með staðkunnugu fólki.

Þegar til vettvangsgöngu kom samkvæmt boðun 20. júní 2006, mættu eftirtaldir: Nefndarmenn matsnefndar: Guðmundur Þorvaldsson, Kristján Bj. Jónsson og Halldór Maríasson. Frá Félagi sumarhúsaeigenda í Kerhrauni Grímsnesi Már Pétursson hrl. lögmaður félagsins og Guðrún M. Njálisdóttir formaður félagsins, ásamt eiginmanni sínum Guðfinni Traustasyni.

Jón G. Breim hrl. f. h. Ástu Hávarðardóttur mætti ekki, né boðaði forföll. Ekki mætti heldur fulltrúi í hans stað, þrátt fyrir að vettvangsgangan hafi verið ákveðin í fullu samráði við viðkomandi mál aðila.

Ákveðið var að halda áætlun og fara í vettvangsskoðum, þrátt fyrir óvænt forföll annars mál aðilans. Farið var um svæðið, skoðaðar þær girðingar sem fyrir eru með tilliti til legu þeirra og ástands. Lóðamörk skipulagssvæðisins athuguð í samræmi við fyrirliggjandi gögn.



A. B. M.



Þar sem ekki voru báðir aðilar mættir á vettvang, var ákveðið að gefa málsaðilum kost á vettvangsgöngu að nýju við fyrsta tækifæri.

Skömmu eftir umrædda vettvangsgöngu hafði formaður matsnefndar símasamband við Jón G. Briem hrl. lögmann Ástu Hávarðardóttur, þar sem honum var gerð grein fyrir því að matsnefndin væri reiðubúin að fara í vettvangsgöngu að nýju við fyrsta tækifæri væri fyrir því vilji. Jón G. Briem hrl. lét líklega að af því gæti orðið.

Matsnefndin ákvað að hafa hægt um sig um stund og gefa málsaðilum þannig nægilegt tóm til að ráða málum sínum, væri fyrir því vilji. Með bréfi dags. 24. júlí 2006, til Jóns G. Briem hrl. f.h. Ástu Hávarðardóttur eru honum gerð grein fyrir eftirfarandi.

"Matsnefndin telur eðlilegt að báðir aðilar eigi þess kost að skira sjónarmið sín fyrir nefndinni, er varðar legu girðinga, lóðamörk og fleira er máli þessu við kemur.

Með bréfi þessu leitar matsnefndin eftir því við yður, hvort þér óskid eftir því að farin verði önnur vettvangsganga í Kerhrauni Grímsnesi með aðilum og eru nefnarmenn reiðubúinir að verða við því.

Verði óskað eftir því að farin verði önnur vettvangsganga, er æskilegt að henni verði lokið fyrir 18. ágúst n.k. Ósk þar um berist undirrituðum tímanlega svo nægur tími gefist til að hoda til hennar með nauðsynlegum fyrirvara.

Einnig er aðilum bent á að hafi þeir fram að færa frekari gögn vegna málsins sem þeir hyggjast koma til nefndarinnar, þá er nauðsynlegt að þau berist nefndinni fyrir hugsanlega vettvangsgöngu, að öðrum kosti fyrir 18. ágúst n.k."

(Undirritað af Guðmundi Þorvaldssyni formanni matsnefndar.

Afrit sent: Ástu Hávarðardóttur, Mál Péturssyni hrl. og Guðrúnu M. Njálisdóttur.)

Svarbréf barst frá Jóni G. Briem hrl. dags. 16. ágúst 2006.

Þar segir m.a. orðrétt. "Umhj. m. mun ekki mæta við vettvangsgöngu....."

Að fengnu þessu afdráttarlausu svari er varðar hugsanlega vettvangsgöngu, telur matsnefndin að báðum málsaðilum hafi verið gefinn fullnægjandi kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum sínum á framsæri við matsnefndina.

Matsnefndin hefur farið í tvígang á vettvang skoðað lóðarmörk deiliskipulagsuppdráttar frístundabyggðarinnar Kerhraun Grímsnesi, farið starlega yfir ástand girðinga, legu þeirra og borið saman við fylgiskjöl sem matsnefndinni hafa borist.

Úrskurður.

Á grundvelli girðingarlaga nr. 135/2001, er matsnefndin sammála um eftirfarandi.

1. Samkv. deiliskipulagsuppdraetti frá VSÓ Ráðgjöf samþykktum í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 17. nóv. 1999, fyrir frístundabyggðina Kerhraun Grímsnesi. Er Hæðarendalæk ætlað að afmarka skipulagsmörk (lituð

græn sbr. meðfylgjandi fylgiskjal). Samkv. deiliskipulagi fyrir svæðið er kvæð um að ekki sé girt nær Hæðarendalæk en 10 m. Matsnefndin telur að þrátt fyrir umrædda kvæð, sé girðingin á nokkrum stöðum staðsett af ónákvæmni og sneiði því að óþörfu af einstökum sumarhúsalóðum. Matsnefndin telur nauðsynlegt, að girðingin verði færð að réttum lóðamörkum þar sem aðstæður eru þannig. Ástand girðingarinnar verður að teljast þokkalegt og með eðlilegu viðhaldi ætti girðingin að geta þjónað hlutverki sínu einhver ár til viðbótar. Lagfæring á staðsetningu og viðhald girðingarinnar skal vera að jöfnu milli Félags sumarhúsaeigenda Kerhrauni annars vegar og landeigenda hins vegar.

2. Girðing (lituð appelsinugul sbr. meðfylgjandi fylgiskjal) sem liggur frá Hæðarendalæk til suðausturs í átt að Hraunbraut. Girðing þessi er víða langt frá skipulagsmörkum og þar af leiðandi mun meira land innan girðingar en skipulagið gerir ráð fyrir. Matsnefndin lítur svo á að umrædd girðing þjóni ekki þeim tilgangi að girða af land skipulagssvæðis fristundabyggðarinnar Kerhraun Grímsnesi á þessum kafla og teljist því óviðkomandi Félagi sumarhúsaeigenda Kerhrauni.

Með vísan til 7. gr. girðingarlaga nr. 135/2001 úrskurðar matsnefndin að girt skuli á skipulagsmörkum fristundabyggðarinnar í Kerhrauni Grímsnesi annars vegar og landi Ástu Hávarðardóttur hins vegar (lituð blá lína sbr. meðfylgjandi fylgiskjal). Matsnefndin telur landið nokkuð jafnlent og auðgirt. Skipting girðingarkostnaðar skal vera jöfn milli aðila. Sama gildir um viðhald girðingarinnar.

Girðingin skal uppfylla ákvæði: Frumvarps til girðingarlaga. (Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002) 2.gr. 1. liðar um Netgirðingar. Um er að ræða um það bil 1.500 m. girðingarkaflla. Samkvæmt upplýsingum sem matsnefndin hefur aflað sér má gera ráð fyrir því að girðingarkostnaður pr. metir sé u.þ.b. kr. 700 með vsk. auk girðingarhliða.

3. Aðrar girðingar er umliggjia skipulagssvæðið (lituð með rauðu sbr. meðfylgjandi fylgiskjal) er ekki ágreiningur um. Matsnefndin tekur þær því ekki til efnislegrar afgreiðslu hér.

Við vinnu sína hefur matsnefndin m.a. stuðst við mælingar á skipulagsmörkum á fristundabyggðinni Kerhraun Grímsnesi unnar af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. júní 2006. 1103.

Virðingarfyllst,

Hjálagtt fylgir:

Uppdráttur frá VST júní 2006 er sýnir legu girðinga.


Fundargerð matsnefndar dags. 20.06. 2006


Fundargerð matsnefndar dags. 24.10. 2006


Bréf matsnefndar dags. 24.07. 2006

Bréf Jóns G. Briem dags. 16.08. 2006

Útprintun vegna tölvupósts dags. 16.06. 2006


Guðmundur Þorvaldsson


Kristján Björnsson


Halldór B. Mariasson

Í bréfi frá matsnefndinni er getið um meðfylgjandi gögn svo sem deiliskipulagið sjálft og ef þið hafið áhuga á að eignast það þá er möguleiki á að það liggi frammi t.d. á næsta félagsfundi eða aðalfundi. Það mun ráðast á næstu dögum hvert framhaldið verður í þessu máli eða þegar okkur berst svar frá lögfræðingi Ástu Margrétar Hávarðardóttur.

Með Kerhraunskveðju

Guðrún

Vegstyrkur

Búið er að eyða styrknum í lagfæringu á verstu köflum brekkunnar.



og ég læt mig dreyma um að svona líti vegurinn út.

kerhraun.is

Eins og svo mörgum er kunnugt um þá var og er til síða sem heitir www.kerhraun.is og var síðan til skammst tíma notuð til að auglýsa Ægisauðshúsin. Komið hafði upp sú hugmynd að gaman væri að félagið eignaðist þessa síðu en þá var það kostnaðurinn við hýsinguna sem kom strax í veg fyrir að af þessu gæti orðið. Fyrir nokkrum vikum hafði samband við mig maður í Kerhrauni sem heitir Hinrik og býr í "Slotinu á Sléttunni" en fyrir þá sem kveikja ekki á þessu þá er það lóð nr. 61 en þar eru þau Hinrik og Edda, ásamt fjölskyldu og systur Eddu að byggja stórt og mikið sumarhús sem flest okkar kannast við undir nafninu "Raðhúsið" en hann Hinrik tjáði mér að nú væri kerhraun.is laust og hvort einhver ráð væru til að eignast þetta.

Eftir að hafa rætt við hann Finnsa minn þá bauðst hann til að hýsa þessa síðu fyrir félagið fyrir ekki neitt þar sem hann veit að mér finnst svo vænt um Kerhraunið svo framarlega að félagið borgaði stofngjaldið kr 12.000.- til ISNIC. Ákveðið var að slá til og ætla Hinrik að taka að sér uppsetningu síðunnar og Finnsi mun eflaust líka koma þar við sögu og svo ég ásamt öllum öðrum sem er velkomið að setja inn á þessa síðu ýmsar upplýsingar, fróðleik, myndir og svo auðvitað fréttablaðið okkar.

Í lokin langar mig að þakka Hinrik og Finnsa fyrir þeirra framlag því þetta sparar félaginu mikla peninga. Endilega prófið að fara inn á vefsíðuna og sjá þar mynd af Kerhrauninu áður en svæðið fór að byggjast.